

**Hús
fyrir
hjartað**



House
for the
heart

**Hús fyrir
íslenskar óbyggðir**
House for the
Icelandic wilderness

**Verkefni styrkt af
Tækniþróunarsjóði**
A project funded by the
Icelandic Technology
Development Fund

Hönnun Design
ESJA Architecture Studio

Verkfræðiráðgjöf Engineering
Structured Environment



Efnisyfirlit

Contents

Óbyggðir: Landsvæði þar sem fólk hefur ekki fasta búsetu og þar sem mannvirki tengd búsetu eru ekki til staðar eða eru lítt áberandi.

Wilderness: Areas where people do not have a permanent residence and where structures related to residence do not exist or are inconspicuous.



Formáli Preface	6
Hús fyrir hjartað House for the heart	9
Um verkefnið About the project	10
Hugmynd og hönnun Concept and design	
Heildarhugmynd Concept	16
Gestir og aðstaða Visitors and facilities	18
Staðsetning og áttir Orientation	20
Sveigjanleg hönnun Flexible design	22
Innra skipulag Functionality	24
Hjartahús Heart house	26
Hálft hús Half a house	32
Tígulhús Diamond house	38
Efniviður og uppbygging Materials and construction	
Hringlaga hagkerfi Circular economy	42
Efniviður og uppruni Materiality and sourcing	44
Ytra byrði Envelope	46
Útlit Elevations	48
Einkennandi útlit Characteristic elevations	54
Burðarvirki og samsetning Construction and assembly	56
Utan þjónustusvæðis Off-grid solutions	
Vatn og orka Water and energy	66
Upplýsingar Information	78

Preface

In spring 2020 I received a grant from the *Icelandic Technology Development Fund* to work on a project with the working title *Off-Grid Architecture in Iceland*. The project should be self-sustaining regarding energy, water and sewage and neither take away from nature nor leave in it things that can pollute or harm it. The term off-grid also refers to being out of touch, at peace, without contemporary digital disturbances.


The goal was to design a prototype of an off-grid mountain hut that could be built in the Icelandic wilderness in a sustainable way, using interesting and durable materials. The house should touch the nature lightly, without a concrete foundation or unnecessary disturbance to the soil. It should be possible to disassembly the building, reuse or recycle the building materials and bring the surroundings back to its former form. The house needed to be transportable by helicopter to destinations far away from towns, roads and harbours. The goal was to create a design for a small house, to counterbalance larger tourist camps in the most popular destinations of the Icelandic highlands.

During the summer I travelled the two main routes of the Icelandic highlands, Kjölur and Sprengisandur, looking for inspiration through outdoor activities and inspection of conditions. I studied the existing facilities and energy solutions in the places I visited and discussed with my fellow travelers as well as rangers and mountain hut supervisors. These trips were both enjoyable and informative. The project is inspired by the intriguing work the touring associations have carried out making facilities throughout the years, as well as the good spirit that seems to be universal in all the mountain huts.

I teamed up with the Danish-Japanese engineering company *Structured Environment* to help me develop sustainability and building technology solutions for the house. The project was worked on as a design project, or rather research through design. The goals mentioned above were a red thread in the entire process and several design solutions were tested. The result was the design of a modular house that can be built in three sizes and the level of services can be adjusted.

Most of the project was carried through during a two month period, and it is a work in progress. As of now the design of a prototype is completed, and is close to being ready for construction. The next steps are to test the solutions and explore options for realising the project. My hope is that the project can also be input into an important dialogue about what kind of architecture we want to see in the Icelandic nature, as well as how we can work with the material resources locally available in Iceland.

I want to thank the *Technology Development Fund* for the grant. Also I would like to thank my collaborators, family and friends for collaboration, mountain travels, good ideas and support in an interesting process the last couple of months.



Auður Hreiðarsdóttir
Architect MAA, founder
ESJA Architecture Studio

Formáli

Vorið 2020 fékk ég styrk úr FRÆ-hluta *Tækniþróunarsjóðs* til þess að vinna að verkefni sem bar vinnuheitið *Arkitektúr utan þjónustusvæðis*. Utan þjónustusvæðis er tilraun mín til að þýða enska hugtakið „off-grid“ eða án tengingar við þjónustunetið. Arkitektúr utan þjónustusvæðis er sjálfbær hvað varðar orku-, vatns- og fráveitu og tekur hvorki frá náttúrunni eða skilur eftir í henni hluti sem valda mengun eða skaða. Hugtakið hefur einnig tilvísun í að vera án tengingar, að vera í friði frá rafrænum truflunum nútímans.

Ég lagði upp með það markmið að teikna frumgerð af fjallahúsi utan þjónustusvæðis, sem hægt væri að byggja í íslenskum óbyggðum á umhverfisvænan hátt, úr áhugaverðum og endingargóðum efnivið. Húsið skyldi snerta náttúruna létt, án þess að steypa grunn eða valda óþarfa jarðraski, og hægt yrði að taka bygginguna niður, endurnýta byggingarefnið og færa náttúruna í samt horf. Það þyrfti að vera hægt að flytja húsið í einingum með þyrlu á áfangastaði langt frá mannbyggðum, vegum og höfnum. Lagt var upp með lítið hús til mótvægis við stærri ferðamannabúðir sem finnast á vinsælustu áfangastöðum hálandisins.

Yfir sumarið ferðaðist ég með fjölskyldu og vinum bæði yfir Kjöl og Sprengisand í leit að innblæstri í gegnum útivist og skoðun á aðstæðum og umhverfi. Athugul skoðaði ég húsakost og orkulausnir á þeim stöðum sem ég fór um og ræddi við samferðafólk mitt sem og skálaverði, staðarhaldara og landverði. Þessar ferðir voru bæði skemmtilegar og fróðlegar og er verkefnið innblásið af því aðdáunarverða starfi sem ferðafélögin hafa unnið í aðstöðugerð í gegnum árin og þeim góða anda sem ríkir í skálanum.

Ég fékk í lið með mér dansk-japönsku verkfræðistofuna *Structured Environment* til þess að þróa með mér sjálfbærni- og byggingartæknilausnir fyrir húsið. Verkefnið var unnið sem hönnunarverkefni, eða rannsókn í gegnum hönnun. Markmiðin sem nefnd eru hér að ofan voru höfð að leiðarljósi í öllu ferlinu og svo voru ýmsar hönnunarlusnir prófaðar. Niðurstaðan varð hönnun á einingahúsi sem hægt er að byggja í þremur stærðum og stilla af þjónustustig hvað varðar vatn, orku og salernisaðstöðu.

Verkefnið var að mestu unnið á tveimur mánuðum og er verk í vinnslu. Nú liggur fyrir hönnun frumgerðar, sem er nálægt því að vera tilbúin til byggingar. Næstu skref eru að prófa lausnirnar og kanna hvaða valkosti eru til þess að láta verkefnið verða að raunveruleika. Það er einnig von mín að verkefnið geti verið innlegg í mikilvæga umræðu um hvers konar arkitektúr við viljum sjá í íslenskri náttúru sem og hvernig hægt er að vinna með þann efnivið sem er fyrir hendi á Íslandi.

Ég vil þakka *Tækniþróunarsjóði* kærlega fyrir styrkinn. Einnig þakka ég samstarfsaðilum, fjölskyldu og vinum fyrir samstarf, fjallaferðir, góðar hugmyndir og stuðning í skemmtilegu ferli undanfarna mánuði.



Auður Hreiðarsdóttir
Arkitekt MAA, stofnandi
ESJA Architecture Studio

Hús fyrir hjartað

House for the heart



Allir sem stunda útivist hafa upplifað á eigin skinni hversu góð áhrif hún hefur á líkama og sál. Töfrar náttúrunnar, ferska loftið, líkamlegt erfiði — að sigra tinda, vaða ár og reyna á eigin þolmörk. Að arka áfram í endalausri víðáttu sem virðist engan endi ætla að taka þar til loks glittir í næturstað. Húsið sem hér er kynnt er rammi um þessa upplifun: að vera í góðra vina hópi eða ein með náttúrunni. Að komast á stað til að hvílast, borða, gleðjast og sofa eftir að hafa tekist á við áskoranir dagsins. Hús fyrir hjartað.

Everyone who uses the great outdoors for recreation has experienced how good an effect it has on the body and soul. The magic of nature, fresh air, physical activity — to make it to the mountain top, cross rivers and test ones own limits. Walking in a wilderness that seems endless until you catch a glimpse of your destination for the night. The house is a framework around this experience: to be in a group of friends or alone with the nature. To reach a place to rest, eat, rejoice and sleep after conquering the challenges of the day. A house for the heart.

Um verkefnið

About the project

ARKITEKTÚR UTAN ÞJÓNUSTUSVÆDIS

ARKITEKTÚR UTAN ÞJÓNUSTUSVÆDIS

Í þessu verkefni er skoðað hvernig hægt er að byggja *utan þjónustusvæðis* — án tengingar við almenna orku-, vatns- eða fráveitu. Notaðar eru staðbundnar auðlindir með því að beisla vind, regn og sól.

Staðbundin orka

Þótt mikið framboð sé af hreinni orku á Íslandi, er ekki alltaf hægt, eða hagkvæmt, að tengja við almenna rafveitu, sér í lagi þegar um er að ræða sérstæðar byggingar í óbyggðum. Gömul óbyggðahús nýta gjarnan orkugjafa á borð við própangas, dísel og steinolíu — sem er auðvitað er ekki fullnægjandi þegar byggðar eru nýjar byggingar í dag. Auk þess að vera óumhverfisvænt fylgir olíu og gasi einnig sá ókostur að stöðugt þarf að koma með nýjar birgðir til að halda rekstrinum gangandi.

Staðbundin orka

Í þessu verkefni er dregin upp sjálfbær hönnunarlausn sem nýtir eingöngu náttúruöflin til daglegs reksturs. Hægt er að stilla af hversu mikil þægindi er boðið upp á eftir aðstæðum og óskum hverju sinni.

Regnvatn

Í stað þess að bora fyrir vatni eða leggja rör er notast við regnvatn sem safnað er af þakinu og því næst hreinsað til notkunar í húsinu.

Rafmagn

Vindorka er aðalorkugjafinn, en hægt er að bæta við sólarcellum til þess bjóða upp á meiri þægindi og áreiðanlegra hitavatnskerfi.

Salerni

Salerni er þurrsalerni með safntanki þar sem úrganginum er breytt í moltu svo ekki er þörf á rotþró.

Hringrás vatnsins

Vatnið er hitað og því veitt um húsið svo allur hitinn sem myndast nýtist sem best. Þannig er heitt vatn nýtt til þrifa og baða og affallið nýtist til upphitunar á húsinu og til þess að halda hita á safntanki.

ARKITEKTÓNÍSK NÁLGUN

Tilvísun í kunnugleg form

Einföld, falleg og látlaus form með skáhallandi þaki eru tilvísun í hefðbundin íslensk hús, en þó með nýju sniði. Arkitektúrinn er í mótsetningu við umhverfið en þó högvær. Um þetta eru óteljandi dæmi í íslenskum sveitum, til dæmis þar sem einfalt hvítt hús með rauðu þaki stendur mitt í grasi gróinni hlíð og stingur í stúf við náttúruna á fallegan hátt.

OFF-GRID ARCHITECTURE

OFF-GRID ARCHITECTURE

This project explores how to build off-grid in Iceland — without connecting to the energy, water or sewage grid. Local resources are used to capture wind, rain and sun.

Local energy

Although there is abundance of clean energy in Iceland, it is not always possible, or practical, to connect to the grid when building remotely. Old mountain huts often use energy sources such as propane, diesel and crude oil — which is of course not acceptable when building new buildings today. In addition to being unfriendly to the environment, maintaining the buildings requires continuous refilling of supplies.

Local energy

This project displays a sustainable design in which only the natural elements are used for daily maintenance. It is possible to adjust how much comfort is offered in each location, depending on the conditions and wishes.

Rainwater

Instead of drilling for water or laying down pipelines, rainwater is collected from the roof and filtered for use in the house.

Electricity

Wind energy is the main source of energy, but solar panels can be added to offer more comfort and a more reliable hot water system.

Toilet

The toilet is a dry compost toilet with a compost tank where the sludge is turned into soil, which does not require a septic tank.

Water circulation

The water is heated and then circulated around the house in order to utilise all the heat from the water. The hot water is used for cleaning and bathing, and the runoff is used for heating the house and keeping the compost tank warm.

ARCHITECTURAL APPROACH

A reference to familiar shapes

Simple, charming and modest geometry with pitched roofs is a reference to traditional Icelandic houses, although this project takes it for a new spin. The architecture is in contrast with the surroundings, yet low-key. Countless examples of this effect can be found in the Icelandic countryside, for exemple when a simple white house with a red roof stands

Aðlögun að landslaginu

Húsin er hægt að laga að mismunandi landslagi og undirlagi. Þau eru byggð á punkt-undirstöðum og snerta jörðina því eins lítið og mögulegt er.

Gestir

Húsin eru hugsuð fyrir ferðafólk á göngu, fjallahjólum og skíðum. Einnig geta vísindamenn sem eru að rannsaka land og umhverfi nýtt sér húsin, sem og landverðir og aðrir umsjónarmenn svæða. Áhersla er á litla hópa, að hámarki átta manns.

Óbyggðahús

Húsunum er ætlað að geta staðið í óbyggðum, til fjalla og að þola harða vetur og slæm veður. Efnisval og form mótast af þessum skilyrðum. Í þessu samhengi er nærtækast að hugsa um miðhálandið en einnig getur verið um að ræða aðra staði sem eru langt frá mannabyggðum og bjóða upp á tækifæri til útivistar.

STAÐBUNDIN SJÁLFBÆRNI

Í tillögunni er leitast við að skoða sjálfbærni í íslensku samhengi, með áherslu á eftirfarandi þætti:

- Notast er við hreina, staðbundna orku
- Hugmyndafræði *hringlaga hönnunar* (e. circular design) er notuð: húsin eru samsett þannig að hægt er að taka þau í sundur og endurnýta efniviðinn
- Létt snerting við undirlagið kemur í veg fyrir óþarfa jarðrask
- Húsin hafa samfélagslegt gildi: Heimafólk sem og ferðafólk getur nýtt sér húsin í tengslum við útivist
- Leitast er við að nota staðbundinn efnivið, eða endurnýta efni sem er til staðar á landinu

Efniviður

Íslenskur viður er aðalefniviðurinn, bæði vegna þess að hann er gott og létt efni í slíka byggingu en líka vegna þess að hann er endurnýjanlegt og staðbundið efni. Lögð er áhersla á endingargott og sterkt efni þegar kemur að klæðningu og eru þrír valkostir: endurnýtt plast úr íslenskum fiskiiðnaði, íslenskt lerki eða endurnýtt bárujárn.

Hringlaga hönnun

Fjallahúsin lúta meginreglum *hönnunar fyrir aðskilnað* (e. design for disassembly). Þannig er hægt að taka taka byggingarnar í sundur án þess að eyðileggja byggingarefnin og endurnýta efniviðinn. Forsendur þess að hægt sé að aðskilja byggingarefnin eru þær að samsetningar séu skrúfaðar saman eða sameinaðar án líms eða kemískra efna sem erfitt er að ná í sundur. Þetta tryggir byggingarefnunum framhaldslíf í stað

Adapting to the landscape

The houses can be adjusted to different landscapes and terrain. They are built on pillar foundations and touch the ground as little as possible.

Adapting to the landscape

The houses can be adjusted to different landscapes and terrain. They are built on pillar foundations and touch the ground as little as possible.

Visitors

The houses are mainly meant for recreational hikers, mountain bikers and skiers. Scientists researching the nature, as well as rangers and other supervisors of land and property can also use the houses. The focus is on small groups of up to eight people.

Wilderness huts

The houses are meant to stand in the wilderness, at high altitudes and be able to withstand bad weather and harsh winters. The materiality and shape of the house is formed by these conditions. Here it is most straightforward to think about the central highlands, but they can also be built in other rural places where there are opportunities for outdoor recreation.

LOCAL SUSTAINABILITY

The proposal explores sustainability in an Icelandic context, with emphasis on the following:

- Local, clean energy
- Circular design: the houses are designed for disassembly
- Light touch with terrain prevents unnecessary soil disturbance
- The houses have a value for the community: Locals and tourists can use the houses in connection for recreation.
- Use of local materials and reuse of materials that are obtained locally

Materiality

The main building material is Icelandic wood, both because it is a good and light material for such a building, but also because it is a renewable and local material.

Materiality

Emphasis is on durable and low maintenance materials when it comes to facade cladding and three options are provided: reused plastic from the local fish industry, Icelandic larch or repurposed corrugated iron.

Circular design

The mountain huts are designed for disassembly, meaning that the buildings can be disassembled, and the materials can be reused or recycled.

Um verkefnið

About the project

Þess að þau endi í landfyllingu eftir líftíma hússins.

Sveigjanleiki

Einn af styrkleikum tillögunnar er sveigjanleikinn. Byggingarkerfið er einfalt og hægt er að aðlaga það eftir þörfum og aðstæðum á hverjum stað. Þannig er hægt að stilla af hversu stórt húsið verður og hversu mikil þægindi er boðið upp á. Einnig er hægt að tengja húsin að einhverju eða öllu leyti við almennar veitur ef þær eru til staðar.

Byggingarferli og samsetning

Húsin eru að mestu leyti forsmíðuð. Því næst eru þau flutt í einingum með þyrlu á rétta staði langt frá mannabyggðum, vegum og höfnum. Ef aðstæður leyfa er hægt að flytja einingarnar á vörubíl. Ekki er grafinn grunnur, heldur er húsið staðsett á stálfótum sem festir eru í jarðveginn.

FORSENDUR

Fjölðaferðamennska og stefnumótun

Þó aðalviðfangsefni þessa verkefnis sé *arkitektúr utan þjónustusvæðis* á verkefnið einnig rætur að rekja til aukins ferðamannastraums undanfarinna ára. Álag á vinsæla staði í íslenskum sveitum og óbyggðum er mikið. Þessar vinsældir hafa haft í för með sér viðamikla uppbyggingu undanfarin ár og má segja að sumir staðir séu komnir að þölmörkum.

Hús fyrir hjartað er því tillaga að annars konar uppbyggingu sem ýtir undir að dreifa ferðafólki víðar en nú er frekar en að auka við aðstöðu á vinsælustu ferðamannastöðunum. Í þessu samhengi er lögð meiri áhersla á spennandi útivist og góða aðstöðu heldur en merkilegustu náttúruperlurnar.

Að vinna gegn fjölðaferðamennsku og stýra aðgangi að svæðum krefst stefnumótunar sem þetta verkefni nær ekki til. Eigi að síður er mikilvægt að þróa aðferðir og hönnun sem leysir þrautina vel og að því er unnið í þessu verkefni. Hér er dregin upp mynd af því hvernig má byggja sjálfbært í viðkvæmu umhverfi. Tekinn er útgangspunktur í óbyggðaferðamennsku, en *Hús fyrir hjartað* er einnig hentugt sjálfbært hús fyrir aðra ferðabjónustu í sveitum og strjálbýli.

Áætlaður miðhálandisþjóðgarður mun einnig hafa í för með sér stefnumótun og uppbyggingu ef af verður. Gera má ráð fyrir að sú uppbygging muni miðast við náttúruvernd en um leið að því að gefa fólki aukin tækifæri til þess að upplifa náttúruna.

Verkefnið er í takti við núverandi stefnumótun og möguleika á sjálfbærri framtíðaruppbyggingu í ferðabjónustu og aðstöðugerð. Við val á

To obtain this the materials should be mechanically assembled rather than with adhesives, ensuring that the building materials are usable after the house is no longer around, rather than being tossed in a landfill.

Flexibility

One of the strenghts of the proposal is the adaptability. The modular building system is simple and it can be adjusted to the needs and conditions of each location. The size of the house and how much comfort is offered can be adjusted. Also it is possible to partially or fully connect to an external energy source if such a system is already in place.

Construction and assembly

The houses are mostly prefabricated. Herefter they are transported in modules with a helicopter to their locations far away from towns, roads and harbours. If conditions allow the modules can be transported by truck instead. There is no need for excavating a foundation, but instead the house is mounted on steel feet that are attached directly to the terrain.

BACKGROUND

Mass tourism and policy-making

Although the main subject of this project is *off-grid architecture* the project is also rooted in the fast growing tourism industry in the last years. Popular destinations in rural Iceland as well as in the wilderness are under immense strain. This sudden popularity of Iceland has led to quite a lot of development in the recent years, and it is safe to say that some places have reached their tolerance limit.

House for the heart is therefore a proposal for different kind of development that encourages spreading the travelers out rather than expanding facilities in the most popular places. In this context there is more emphasis on exciting outdoor activities and good facilities rather than the most precious natural wonders.

Working against mass tourism and controlling access to sensitive areas requires policy-making that is outside the scope of this project. However, it is important to develop design methods that can solve the problem well, and that is the objective of this project. The project paints a picture of a way to build sustainably in delicate surroundings. The focal point is wilderness tourism but *House for the heart* is also a suitable and sustainable option for other kinds of tourism in rural areas.

A central highlands national park is currently on the drawing board, and if realised it will involve

byggingarstöðum þyrfti að sjálfsgöðu að fylgja skipulagi og gera umhverfismat eftir því sem lög og reglur kveða á um á hverjum stað fyrir sig.

Samtal og aðlögun

Markmiðið er að þróa verkefnið áfram svo hægt sé að láta það verða að veruleika. Gert er ráð fyrir að aðlaga hönnunina í opnu samtali við verkkaupa, opinbera aðila og hagsmunaaðila á hverjum stað.

strategic planning and development. Presumably this development will be based on nature conservation, but at the same time on giving people more opportunities to experience nature.

The project is in line with current policies and the potential for sustainable future development in tourism and new facilities. When choosing construction sites, it would of course be necessary to follow any plans in effect, and make environmental assessments in accordance to the laws and regulations in each place.

Conversation and adjustment

The goal is to further develop the project so that it can be realised. The design is expected to be adapted in an open dialogue with buyers, public entities and stakeholders in each location.



Innblástur frá hefðbundnum íslenskum arkitektúr þar sem einföld, falleg og látlaus form eru í fallegri mótsetningu við umhverfið. Inspiration from traditional Icelandic architecture where simple, charming and modest shapes are in beautiful contrast with the surroundings.

Hugmynd og hönnun

Concept and design




Heildarhugmynd Concept

Húsið hefur tilvísanir í íslensk sveitahús með skáhallandi þaki og burstum. Lögð er áhersla á einfalda hönnun sem er kunnugleg, en þó með nýjum og ferskum línunum. Sé horft á húsið frá einni hlið líkist það burstabæ - en frá annarri er það hjartalaga, og þaðan kemur nafnið. Húsið svífur yfir landslaginu í mótvægi, en einnig jafnvægi við náttúruna.


Í grunnmynd er húsið vinkillaga, sem skapar skjólgott horn fyrir inngang. Þakið er einhalla, en það gerir það auðvelt að safna regnvatni til notkunar. Lægsti hluti hússins er á einni hæð, en þar sem hæst er til lofts er svefnloft. Form og hæð innra rýmisins skapar loftflæði upp á við og auðveldar náttúrulega loftun. Einfaldleiki formsins auðveldar framleiðslu.

The house has references to traditional Icelandic countryside houses with pitched roofs and gables. The design is simple and familiar, yet with new and fresh lines. Looking at the house from one side it resembles a traditional Icelandic farmhouse with two gables. From the other side the house is the shape of a heart, which is where the name comes from. The house hovers over the landscape in contrast, but also in balance with the nature.

The house has an L-shaped plan, providing a sheltered corner for the entrance. The roof is mono-pitched, which makes it easy to collect rainwater for consumption. The lowest part of the house is in one floor. A mezzanine for sleeping is in the higher part of the house. The shape of the house and ceiling height create buoyancy that eases natural ventilation.




Að safna regnvatni
Collecting rain water



Útsýni
View



Tilvísun í burstabæ
Reference to traditional gable house




Hjartalaga hús
A heart shaped house




Einföld, vinkillaga grunnmynd
A simple L-shaped plan




Einhallandi þak
Mono-pitched roof



Að kljúfa vindinn
Breaking the wind



Geislahitun
Passive heating



Náttúruleg loftun
Natural ventilation

Gestir og aðstaða


Visitors and facilities

Gestir


Gestir eru fyrst og fremst ferðafólk á göngu, fjallahjólum og skíðum, en geta einnig verið vísindamenn sem eru að rannsaka land og umhverfi, sem og landverðir og aðrir umsjónarmenn svæða.

Visitors


Visitors are first and foremost hikers, mountain bikers and skiers. Other users can be scientists researching the environment as well as rangers and other area managers.



Göngufólk
Hikers




Fjallahjólafólk
Mountain bikers



Skíðafólk
Skiers



Vísindamenn
Scientists




Landverðir og umsjónarmenn
Rangers and supervisors

Aðstaða


Aðstaðan er svipuð aðstöðu sem er til staðar í núverandi skálum á landinu. Svefnaðstaðan er einföld en góð, mataraðstaðan er hjarta hússins — þar sem ferðalangar koma saman eftir afrek dagsins og borða og gleðjast. Í húsinu er rennandi vatn og hægt er að hafa bæði salerni og sturtu. Hægt er að hengja upp föt til þerris og svo er tæknirými fyrir vatn og orku.

Facilities


The facilities are similar to the facilities offered in existing huts in Iceland. The sleeping facilities are minimalistic but good, the dining area is the heart of the house — where visitors come together to eat and enjoy the achievements of the day. The house has running water and it is possible to have both a toilet and a shower. The entré offers a place for drying clothes and lastly there is a technical space for water and energy.




Svefnaðstaða
Sleeping area




Eldunaraðstaða
Cooking area




Borðstofa
Dining area




Forstofa
Entry



Geymslupláss
Storage space



Tæknirými
Technical space



Salerni
Toilet





Þurrkaðstaða
Drying

Staðsetning og áttir

Orientation

Þrjú þættir eru sérlega mikilvægir þegar staðsetning hússins er ákveðin: Vindur, sól, og útsýni. Gert er ráð fyrir að lægsta og lokaðasta hluta hússins sé snúið upp í ríkjandi vindátt. Þannig er gengið inn í húsið í skjóli í innra horni. Gert er ráð fyrir að besta útsýni sé úr borðstofunni, þar sem fólk situr og nýtur matarins við stóran gluggann. Auðvelt er að skipta út staðsetningu WC/tækniherbergis og borðstofu sé það hentugra fyrir staðsetninguna. Best er að snúa ekki borðstofuhlið beint í norður efi tekið er tillit til að náttúrulegrar sólarhitunar. Þetta má þó veða og meta, það geta verið fleiri kostir að stilla opinni hlið hússins í norður vegna veðurfars eða ef setja á sólarcellur á þakið.

Three elements are especially important when deciding the orientation of the house: Wind, sun and view. Preferably, the lowest and most closed part of the house is facing the strongest wind direction. In that way the entrance of the house is sheltered in the inner corner. The best view should be from the dining room, where people sit and enjoy their food by the large window. The placement of the WC/Tech area and dining room can easily be switched out if better for the orientation. Preferably the dining room should not be facing north directly, in consideration to solar gains. In some cases that would be preferred, because of weather or if solar panels on the roof are preferred.



Myndirnar sýna hvernig hægt er að snúa húsinu á mismunandi vegu. Afstaða sólar er sýnd 15. júlí á Íslandi, um það bil um mitt ferðasumarið. The diagrams show how the house can be oriented in different ways. The sun position is shown July 15th in Iceland, approximately in the middle of the summer travel season.

Sveigjanleg hönnun

Flexible design

Þrjú hús í einu

Hjartahúsið er hannað sem einingakerfi í þremur hlutum. Einnig er gert ráð fyrir að hægt sé að nota hlutana sjálfstætt og byggja þannig *Hálft hús* úr tveimur einingum eða *Tígulhús* úr einni einingu.

Hjartahúsið er fyrir 6-8 gesti, hefðbundið gönguhús, en þó í minni kantinum. Hér er hægt að bjóða upp á öll þægindi, jafnvel sturtu, með hjálp vind- og sólarorku.

Hálfa húsið er fyrir 3-4 gesti. Hér er einnig hægt að bjóða upp á alla þjónustu, eða sleppa heitu vatni og sturtu.

Tígulhúsið er skýli án nokkurs rafmagns eða vatns. Það er einungis þak yfir höfuðið - einfalt og frumstætt. Hér er pláss fyrir 3 gesti.

Einingarnar eru að mestu forsmíðaðar og eru útbúnar þannig að auðvelt er að setja þær saman án mikils tækjabúnaðar.

Three houses in one



The *Heart house* is designed as a modular system in three parts. It is also possible to use the modules separately and build *Half a house* from two modules or the *Diamond house* using only one module.

The *Heart house* is for 6-8 visitors, a traditional hiking hut, but a rather small one. It is possible to offer full comfort, even a shower, with the help of wind and solar energy.

Half a house is for 3-4 visitors. Here it is also possible to offer full services, or omit the hot water and shower.

The *Diamond house* is a shelter without electricity or water. It is merely a shelter for the night, simple and primitive. There is space for 3 visitors.

The modules are mostly prefabricated and are prepared to that they can be assembled without heavy equipment.





Hjartahús
Heart house

1500-2000 kWh

Heitt vatn, eldhús, salerni og sturta
Hot water, kitchen, toilet, shower

Vindorka, hægt að bæta við sólarorku
Wind powered, can be supplemented with solar

6-8 gestir
6-8 visitors





Hálft hús
Half a house

500-1000kWh

Kalt vatn, takmarkað heitt vatn, eldhús, salerni
Cold water, limited hot water, kitchen, toilet

Vind- eða sólarorka
Wind or solar powered

3-4 gestir
3-4 visitors



Tígulhús
Diamond house

0 kWh

Engin þjónusta
No services


Engin orka
No power

2-3 gestir
2-3 visitors




Innra skipulag Functionality







Hjartahús
Heart house



Hálft hús
Half a house




Tígulhús
Diamond house




- Svefnrými / Sleeping area
- Eldhús / Kitchen
- Borðstofa / Dining area
- Baðherbergi / Bathroom
- Tækniherbergi og geymsla / Technical and storage
- Inngangur, skóhilli, þurrkun / Entry, shoe rack, drying


Hjartahús Heart house



1500-2000
kWh



27
M2*



6-8
Gestir / Visitors


*+ 18m2 Svefnloft / Mezzanine

- Svefnrými / Sleeping
- Eldunaraðstaða / Cooking
- Borðstofa / Dining
- Rennandi vatn / Running water
- Heitt vatn / Hot water
- Salerni / Toilet
- Sturta / Shower
- Rafmagn / Electricity
- Fjarskipti / Fjarskipti
- Tæknirými / Tech room
- Purrksvæði / Drying area
- Geymslupláss / Storage
- Etanólarinn / Ethanol fireplace
- Gólfhiti / Floor heating




Hjartahús

Heart house



Grunnmynd 1:50
Floor plan 1:50


1. Baðherbergi / Bathroom
2. Tæknirými og geymsla / Technical and storage
3. Fatahengi / Clothes rack
4. Skóhilla / Shoe rack
5. Forstofa / Entré
6. Eldstæði / Fireplace
7. Vatnstankur / Watertank
8. Eldhús / Kitchen
9. Sól pallur (valfrítt) / Sundeck (optional)
10. Borðstofa / Dining area
11. Bekkur og auka svefnpokafláss / Bench and extra sleeping area
12. Svefnpokafláss / Sleeping area



Grunnmynd svefnloft 1:50
Mezzanine plan 1:50


Hjartahús

Heart house



Sneiðing 1:50
Section 1:50


Hálft hús Half a house



500-1000
kWh



18
M2*



3-4
Gestir / Visitors


*+ 9m2 Svefnloft / Mezzanine

Svefnrými / Sleeping	<input checked="" type="checkbox"/>
Eldunaraðstaða / Cooking	<input checked="" type="checkbox"/>
Borðstofa / Dining	<input checked="" type="checkbox"/>
Rennandi vatn / Running water	<input checked="" type="checkbox"/>
Heitt vatn / Hot water	<input type="checkbox"/>
Salerni / Toilet	<input checked="" type="checkbox"/>
Sturta / Shower	<input type="checkbox"/>
Rafmagn / Electricity	<input checked="" type="checkbox"/>
Fjarskipti / Fjarskipti	<input checked="" type="checkbox"/>
Tæknirými / Tech room	<input checked="" type="checkbox"/>
Purrksvæði / Drying area	<input checked="" type="checkbox"/>
Geymslupláss / Storage	<input checked="" type="checkbox"/>
Etanólarinn / Ethanol fireplace	<input checked="" type="checkbox"/>
Gólfhiti / Floor heating	<input type="checkbox"/>




Hálft hús

Half a house



Grunnmynd 1:50
Floor plan 1:50


1. Baðherbergi / Bathroom
2. Tæknirými og geymsla / Technical and storage
3. Fatahengi / Clothes rack
4. Skóhilli / Shoe rack
5. Forstofa / Entré
6. Eldstæði / Fireplace
7. Vatnstankur / Watertank
8. Eldhús / Kitchen
9. Borðstofa / Dining area
10. Bekkur og auka svefnokapláss / Bench and extra sleeping area
11. Svefnokapláss / Sleeping area



Grunnmynd svefnloft 1:50
Mezzanine plan 1:50


Hálft hús

Half a house



Sneiðing 1:50
Section 1:50

Tígulhús Diamond house



0 kWh




10 m²



2-3
manns / people

- Svefnrými / Sleeping
- Eldunaraðstaða / Cooking
- Borðstofa / Dining
- Rennandi vatn / Running water
- Heitt vatn / Hot water
- Salerni / Toilet
- Sturta / Shower
- Rafmagn / Electricity
- Fjarskipti / Fjarskipti
- Tæknirými / Tech room
- Purrksvæði / Drying area
- Geymslupláss / Storage
- Etanól arinn / Ethanol fireplace
- Gólfhiti / Floor heating



Grunmynd 1:50
Floor plan 1:50



Efniviður og uppbygging

Materials and construction



Hringlaga hagkerfi

Circular economy

Framleiðsla á byggingarefnum: Staðbundin að öllu því leyti sem hægt er. Það sem þarf að flytja inn þarf að velja með tilliti til umhverfisvænnar framleiðslu og sem minnstra umhverfisáhrifa vegna flutninga.

Hönnun fyrir aðskilnað: Hugmyndin er að hægt sé að taka öll byggingarefni í sundur og endurnýta eftir líftíma hússins. Sérstaklega er mikilvægt að hægt sé að endurnýta dýrmæt efni sem endurnýjast ekki af sjálfu sér í náttúrunni, til dæmis málma. Forsendur þess að hægt sé að aðskilja byggingarefni eru þær að samsetningar séu skrúfaðar saman eða sameinaðar án líms eða kemískra efna sem erfitt er að ná í sundur án þess að eyðileggja efniviðinn.

Forsmiði á Íslandi: Húsin er hægt að forsmíða á Íslandi, að öllum líkindum í Reykjavík, en aðrir staðir koma líka til greina.

Flutningar og samsetning: Nokkuð flókið er að koma fyrir húsi í óbyggðum, en gert er ráð fyrir að það sé flutt með þyrlu í einingum. Það ferli er nokkuð dýrt og orkufrekt, en mikilvægt er að skipuleggja framkvæmdina í þaula svo að notkun þyrlunnar sé sem skilvirkust. Ef aðstæður leyfa og hentugar vegatengingar eru til staðar er húsið flutt á staðinn með vörubíl.

Notkun, rekstur og viðhald: Orka og rekstur hússins er sjálfbær. Viðhald er lítið en þó þarf að sinna því reglulega eins og er með öll mannvirki. Heimsækja þarf húsið til eftirlits einu sinni til tvisvar á ári til eftirlits. Ferðafólk getur einnig þurft að taka með sér léttar vistir til hversdagsreksturs á borð við salernispappír og viskustykki. Húsinu er haldið frostfríu allt árið til að koma í veg fyrir rakaskemmdir. Orkunotkun er sjálfbær og endurnýjanleg. Ekkert rusl má skilja eftir í húsinu eða annað sem getur valdið mengun.

Hús ekki lengur í notkun: Eftir líftíma hússins er húsið tekið í sundur, efniviður flokkaður og endurnýttur eða endurunninn.

Endurvinnsla og endurnýting: Klæðningar eru gerðar úr endurnýttu plasti, staðbundnu lerki eða rekavið eða endurnýttu bárujárni. Einnig er gert ráð fyrir að ný byggingarefni hússing geti verið endurnýtt eða endurunnin þegar húsið er tekið niður.

Jöfnun umhverfisáhrifa: Að planta trjám til jöfnunar á umhverfisáhrifum hefur lengi verið þekkt í ferðamennsku, sérstaklega hjá flugfélögum. Í þessu verkefni, sem er byggt að miklu leyti úr íslenskum við ræktuðum af Skógræktinni, er gert ráð fyrir að hægt sé að kolefnisjafna í samstarfi við Skógræktina. Þannig geta ferðamenn greitt lága upphæð sem ef til vill er hluti af aðstöðugjaldi fyrir jöfnun umhverfisáhrifa í íslenskum skógum.

Production of building materials: Local products are chosen everywhere possible. Products that need to be imported must be chosen with focus on environmentally friendly production and minimal emissions due to transportation.

Design for disassembly: The idea is that all the building materials can be disassembled and reused after the building's lifetime. It is particularly important that non-renewable materials such as metals can be reused and recycled. In order to enable disassembly it is important that joints and connections are mechanically assembled rather than with adhesives which are difficult to disassemble without ruining the materials.

Prefabrication locally: The houses can be prefabricated in Iceland, most likely in Reykjavík.


Transport and assembly: It is rather complicated to construct a building in the middle of nowhere, but it can be transported in modules by helicopter. That process is expensive and energy consuming, therefore it is imperative to organise the construction thoroughly to maximise efficiency. If circumstances allow and suitable road connections are available the house can be transported by truck.

Use, operation and maintenance: Energy and operation of the house is self-sufficient. Maintenance is low, however the building needs to be tended to on regular basis as is the case with all structures. The house has to be visited once or twice a year to check the facilities. Travelers may also need to take some supplies with them for everyday operation, such as toilet paper and dish towels. The house is kept frost free all year around to prevent moisture damages. No waste can be left in the house or anything else that can cause pollution.

End of use: After the lifetime of the house it is disassembled. The materials are sorted and reused or recycled.

Reuse and recycling: Cladding is made with reused plastic, local larch or driftwood or repurposed corrugated iron. Furthermore, the new materials of the house can be reused or recycled when the house is taken down.

Carbon offsetting: Planting trees for carbon offsetting has long been known in tourism, especially with airlines. This project is built primarily with Icelandic wood cultivated by the Icelandic Forest Service. Therefore it is fitting that visitors be able to offset their trip by paying a small fee that can be a part of facility fee, both offsetting and maintaining Icelandic forests.



Efniviður og uppruni

Materials and sourcing

Efniviður er að mestu íslenskur eða fenginn á Íslandi. Burðarvirki er úr íslensku greni og innanhússklæðning úr ösp. Íslensk kindauill er notuð í einangrun. Hægt er að velja þrjár mismunandi klæðningar: úr plasti, timbri eða bárujárni.

Þá byggingarluta sem ekki er hægt að framleiða eða endurvinna á Íslandi þarf að velja vel. Velja þarf sjálfbæra innflutningsvöru og huga að lífsferli vörunnar, ekki síst hversu langt að þarf að flytja hana. Þetta geta til dæmis verið skrúfur og samsetningar, sólarpanelar, blöndunartæki o.s.frv.

Burðarvirki úr greni / Spruce frame construction



Sitkagreni / Sitka spruce
L: 3-4m Ø: 10-30 cm

Uppruni: Suðurland
Sourcing: South Iceland

Ullareinangrun / Sheep wool insulation



Íslensk ull er notuð sem klæðning en hún hefur svipað einangrunargildi og steinull. / Icelandic wool is used as insulation. It has similar insulating qualities as rockwool.

Uppruni: Hliðarefni úr ullarframleiðslu Ístex, efni sem ekki er hægt að nota í garn.

Sourcing: Biprodukt frá íslensku ullarframleiðslu Ístex, hluti af ullinni sem er ekki notaður til að framleiða garn.

The materials are mainly local or repurposed locally. The structure is made from Icelandic spruce and the interior panel from Icelandic poplar. Icelandic sheep wool is used as insulation. Three possible cladding options are offered: plastic, timber or corrugated iron.

